



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### ***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fundi borgarstjóra með forsvarsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur***

Á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2021 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um þá óformlegu og formlegu fundi sem borgarstjóri hefur átt með formanni stjórnar, stjórnarmönnum og forsvarsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur á kjörtímabilinu.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 29. nóvember 2021.

Svar:

Árið 2018 átti borgarstjóri alls 12 fundi vegna Orkuveitu Reykjavíkur þar af voru 9 fundir með formanni stjórnar, 4 fundir með stjórnarmönnum og/eða forsvarsmönnum OR, 1 fundur með stjórnarmönnum og forsvarsmönnum OR, 1 ársfundur og 1 aðalfundur.

Árið 2019 átti borgarstjóri alls 16 fundi vegna Orkuveitu Reykjavíkur þar af voru 10 fundir með formanni stjórnar, 4 fundir með stjórnarmönnum og/eða forsvarsmönnum OR og 2 aðalfundir

Árið 2020 átti borgarstjóri alls 17 fundi vegna Orkuveitu Reykjavíkur þar af voru 11 fundir með formanni stjórnar, 4 fundir með stjórnarmönnum og/eða forsvarsmönnum OR og 1 aðalfundur

Árið 2021 átti borgarstjóri alls 22 fundi vegna Orkuveitu Reykjavíkur þar af voru 7 fundir með formanni stjórnar og 6 fundir með stjórnarmönnum og/eða forsvarsmönnum OR. Einnig var hann viðstaddur 1 ársfund, 1 aðalfund og 5 fundi v/Carbfix.

Það sem af er ári 2022 hefur borgarstjóri átt alls 6 fundi vegna Orkuveitu Reykjavíkur þar af voru 5 með stjórnarmönnum og/eða forsvarsmönnum OR og 1 aðalfund.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri